



Minnisblað til heilbrigðisnefndar Alþingis

Sameining heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu tekur gildi um áramót

Nýjar heilsugæslustöðvar

Heilsugæslan Glæsibæ (Vogum og Heimum)

Heilsugæslan Firði (Hafnarfirði, miðbæ)

Heilsugæslan Hamraborg – stöðin í Fannborg flyst í nýtt húsnæði að Hamraborg 8

Heilsugæslan Árbæ flyst í nýtt húsnæði á miðju ári 2007

Læknisþjónusta

Mikil framför verður í þjónustu við tilkomu tveggja nýrra heilsugæslustöðva í Glæsibæ í Reykjavík og í Firði í Hafnarfirði. Enn er þó þörf fyrir fleiri stöður lækna og hjúkrunarfræðinga.

Geðheilbrigðisþjónusta, nýjungar

Geðiðjuþjálfun, eftirfylgni með geðsjúklingum

Verkefnið hófst sem tilraunaverkefni í samstarfi Heilsugæslunnar og TR. Tilraunin þótti gefast mjög vel og hefur verkefnið nú fengið stöðu til frambúðar innan Heilsugæslunnar og verið er að bæta einum iðjuþjálfara og einum sálfræðingi í teymið. Það er til húsa að Bolholti ..

Geðteymi í heimhjúkrun

Geðteymi í heimahjúkrun tók til starfa árið 2003 og hefur gefist mjög vel. Þar starfa 2 geðhjúkrunarfræðingar og 2 sjúkraliðar, en unnið er að stækkun teymisins.

Geðteymi v. barna og unglinga Grafarvogi

Teymið tók til starfa 1. desember 2004 og er tilraunaverkefni til 2ja ára. Þar starfa sálfræðingur, félagsráðgjafi og iðjuþjálfari.

Hugræn atferlismeðferð – samstarfsverkefni með LSH – 3 heilsugæslustöðvar í Reykjavík

Þjónusta við unglinga

Unglingamóttaka

Heilsugæsla í framhaldsskólum – tilraunaverkefni í MR og Borgarholtsskóla. Fyrir slík þjónusta í MK, MH og í Kvennaskólanum.

Heimahjúkrun

Samþætting heimþjónustu heilsugæslu og félagsþjónustu.

Talsverð hagræðing og bætt þjónusta hefur þegar náðst með samstarfi heimahjúkrunar Heilsugæslunnar og félagsþjónustu Reykjavíkurborgar. Fyrirhugað er að efla þessa samvinnu enn frekar.

Í janúar 2006 er ráðgert að koma á fót Öryggissíma sem bæði kerfin standa að.

Efla á kvöld- og helgarþjónustu og stefnt að því að næturljónusta verði á öllu svæðinu.

Í nóvember á þessu ári er ráðgert að ráða inn í þrjár nýjar stöður hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða til að efla og bæta kvöld og helgarþjónustuna.

Aukin samvinna við LSH

Unnið er að aukinni samvinnu Heilsugæslunnar og LSH um heimahjúkrun.

Rafræn sjúkraskrá

Með aukinni notkun rafrænnar sjúkraskrár, samræmingu hennar og aukinni samvinnu Heilsugæslunnar og Landspítalans um nýtingu hennar er unnt að stórbæta þjónustu og ná mikilli hagræðingu í heilbrigðiskerfinu. Opinber framlög til þróunar hennar eru þó sorglega lítil.

Heilsuverndarstöðin – hugsanleg sala